

96. fundur stjórnar VMÍ
Haldinn í húsakynnum ÍBA Glerárgötu 26
Fimmtudaginn 6.apríl 2017 kl.17.00



Mætt voru:

Þórunn Sif Harðardóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Siguróli Magni Sigurðsson, Margrét Ólafsdóttir og Friðrik Einarsson.

Þórunn Sif formaður stjórnar setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

2. Málefni Hlíðarfjalls

Fulltrúi frá AFE Sigmundur Ófeigsson kom inn á fundinn og kynnti nýlega auglýsta útvistun reksturs Hlíðarfjalls. Hann sagði frá markmiðum, möguleikum og tækifærum þessu tengdu.

Skilafrestur á umsóknum/tilboðum er til 26.apríl.

Sigmundi var þakkað fyrir kynninguna og yfirgaf hann fundinn.

3. Styrkbeiðni

Styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Létti var tekin til umfjöllunar. Formanni var falið að svara erindinu.

4. Fjárhagsáætlun 2017

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 og var hún samþykkt. Stjórn var sammála um að nauðsynlegt væri að gera áætlun til lengri tíma ásamt markmiðs- og stefnumörkun.

5. Önnur mál

Ákveðið var að kynna starfsemi og reglugerð VMÍ fyrir sérsamböndunum, Skauta-, Íshökkí-, Skíða-, Krullu og ÍF og félögum innan þeirra. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.05

MÓ fundarritari